

*Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum*

**Stofnunarúttekt**  
**Listaháskóli Íslands**  
**- Samantekt -**

Mars 2022



## Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Listaháskóla Íslands sem var gefin út á ensku þann 15. mars 2022<sup>1</sup>. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2<sup>nd</sup> Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu Gæðaráðs íslenskra háskóla ([www.qef.is](http://www.qef.is)).

Dr. Andrée Sursock

Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson

Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

---

<sup>1</sup> Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á [https://qef.is/assets/IUA\\_QEF2\\_IWR\\_Report\\_for\\_publication.pdf](https://qef.is/assets/IUA_QEF2_IWR_Report_for_publication.pdf)

## Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Lois Fitch, formaður úttektarhópsins. Aðstoðarrektr, *Royal Conservatoire of Scotland*, Skotlandi.

Michèle Graf. Verkefnastjóri viðurkenninga og gæðamála, *Zurich University of the Arts*, Swiss.

Helka-Liisa Hentilä. Prófessor í skipulagsfræði og fyrrverandi aðstoðarrektr náms og kennslu, *University of Oulu*, Finnlandi.

Nhung Hong Thi Ngo. Stúdent við *Háskóla Íslands*.

Kurt T. Steinberg. Rektor, *Montserrat College of Art*, BNA.

## 1. Um úttektina

Stofnanaúttektir eru einn af meginþáttum rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education; QEF). Úttektarferlinu og markmiðum þess er lýst í heild sinni í annarri útgáfu handbókar gæðaráðs um þessa rammaáætlun, sem kom út árið 2017<sup>2</sup>. Allir háskólar á Íslandi eru teknir út í stofnanaúttektum í annarri lotu QEF, sem hófst 2019. Þessi samantekt er byggð á skýrslu um stofnunarúttekt Listaháskóla Íslands (LHÍ).

Í aðdraganda heimsóknar úttektarhópsins skrifaði LHÍ sjálfsmatsskýrslu, ásamt viðaukum, sem var send til gæðaráðs þann 18. júní 2021. Formaður úttektarhópsins og framkvæmdastjóri gæðaráðs unnu dagskrá úttektarheimsóknar í samráði við starfsfólk LHÍ. Heimsfaraldur COVID-19 flækti undirbúning nokkuð, og voru bæði LHÍ og úttektarhópurinn reiðubúin til að halda alla fundi í fjarfundabúnaði, en ekki kom til þess. Heimsókn úttektarhópsins fór fram 21.-23. september, 2021.

Umsjón með undirbúningi sjálfsmatsskýrslunnar var í höndum Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur Rektors og Sóleyjar Bjartar Guðmundsdóttur, forstöðumanns háskólaskrifstofu og mannauðs- og gæðastjóra.

Úttektarheimsóknin hófst með kynningu Rektors og skoðunarferð um húsakynni LHÍ á þremur stöðum í fylgd framkvæmdastjóra. Í kjölfarið voru haldnir fjölmargir fundir með starfsfólki, nemendum, hagsmunaaðilum og meðlimum stjórnar LHÍ.

Gæðaráð og úttektarhópurinn eru LHÍ afar þakklát fyrir gott samstarf við skipulagningu heimsóknarninnar, sérstaklega í ljósi þess að þörf var á smitvörnum og að viðhalda þurfti hæfilegri fjarlægð á milli fundargesta vegna COVID smithættu.

## 2. Samantekt niðurstaðna

### 2.1. Almenn samantekt, þ.m.t. samantekt á umgjörð rannsókna

Úttektarhópurinn þakkar Rektor, stjórn skólans, starfsfólki og nemendum kærlega fyrir góðar móttökur, og vill sérstaklega taka fram að sérlega uppbyggilegar og opnar umræður sköpuðust á fundum. Hópurinn fékk tækifæri til að hitta stóran hóp háskólafélks og hagaðila, og öllum var umhugað um að segja sína skoðun á gæðastarfi og umgjörð rannsókna á uppbyggilegan hátt. Því til stuðnings voru talin til mörg dæmi sem byggðu á reynslu viðmælenda og störfum.

Sjálfsmatsskýrslan var til vitnis um virkan og kraftmikinn skóla, sem er tilbúinn til að leita út á við og líta starfsemi sína gagnrýnum augum. Skólinn leggur áherslu á að hafa jákvæð áhrif á stúdenta sína og samfélag í gegnum fræðastarf sitt og listsköpun. Það eru greinilegar framfarir á ýmsum sviðum síðan skólinn var tekinn út árið 2015, og bera sjálfsmatsskýrslur faglegra eininga vitni um þær framfarir. Úttektarhópurinn safnaði upplýsingum á meðan á heimsókninni stóð sem staðfestu það sem fram kom í sjálfsmatsskýrslu skólans, og þær upplýsingar undirbyggja einnig þær niðurstöður sem má finna í köflum 2.4 og 2.5 hér að neðan.

Hvað snertir rannsóknastarf, þá ber LHÍ skynbragð á mikilvægi rannsókna og miðlun þeirra til almennings. Metnaðarfull rannsóknaráætlun skólans miðar að því styðja við blómlegt rannsóknastarf og viðhalda góðum fræðilegum starfsháttum og hefur skólinn alla burði til þróa rannsóknir í takt við þá stefnu á nýstárlegan hátt. LHÍ rekur sérstaka rannsóknþjónustu innan veggja skólans sem veitir akademískum starfsmönnum og nemendum ráðgjöf um fjármögnun rannsókna, þ.m.t aðstoð við gerð styrkumsókna. Skólinn tekur þátt í fleiri rannsóknaverkefnum og hefur fengið meira styrkfé til rannsókna en áður. LHÍ hlaut nýlega alþjóðlegan rannsóknarstyrk sem mun styðja við orðstír hans sem rannsóknarháskóla og gera frekari sókn í styrki mögulega, auk frekari tækifæra til að hafa áhrif utan veggja skólans með rannsóknum sínum.

LHÍ hefur innleitt ýmsar breytingar á umgjörð rannsókna og er skólinn hvattur til að fylgja þeim kerfisbundið eftir, meta áhrif þeirra og gera breytingar ef við á. Úttektarhópurinn leggur til að skólinn þrói rannsóknarstefnu sem nær utan um margvíslegar tegundir listrænna rannsókna og fræðastarfs, og ber um leið virðingu fyrir akademísku frelsi starfsmanna. Háskólinn hefur sett fram skilgreiningu á áhrifum rannsókna í listum, en þarf að leita leiða til að fylgja þeirri vinnu eftir og meta áhrif rannsókna og fræðastarfs í ljósi hennar. Háskólinn ætti einnig að skoða möguleika á þverfaglegu rannsóknarsamstarfi við aðra íslenska háskóla. Einnig telur úttektarhópurinn að tækifæri séu til aukins samstarfs við fyrirtæki á sviði skapandi greina.

## 2.2. Samantekt á styrkleikum

- Sjálfsmatsskýrsla skólans var mjög vel útfærð og gerði grein fyrir gæðastarfi á vegum skólans á gagngeran og nákvæman hátt.
- Í LHÍ ríkir sterk óformleg gæðamenning sem studd er af reglubundnum samtölum starfsmanna annars vegar, og hins vegar milli starfsmanna og nemenda, um nám og listsköpun. Þessi vinna einkennist af stöðugri ígrundun á því hversu mikið erindi vinna nemenda á við heiminn utan veggja skólans og mati á listsköpun starfsfólksins sjálfs.
- Það eru vísbendingar um stofnanamenningu þar sem lögð er áhersla á stöðuga þróun, auk vilja og getu til að breyta og bæta starfsemi skólans, sem sýndi sig vel í snörpum viðbrögðum hans við heimsfaraldri COVID.
- Æðstu stjórnendur hafa sameiginlega sýn á hvernig nýtt stjórnskipulag muni gagnast háskólasamfélaginu, sem og sameiginlega sýn á hvernig skólinn geti þróast og vaxið á farsælan hátt.
- Úttektarhópurinn hitti marga stúdentahópa sem voru ófeimnir að tala máli sínu og sinnar menntunar, og lýstu þeir á skýran hátt sinni eigin sýn á námið og skólann í víðara samhengi.
- Stúdentar sýna samstöðu í verki og var sá stuðningur sem íslenskir stúdentar sýna alþjóðlegum samnemendum sínum eftirtektarverður.

- Innan deilda skólans eru sterkar vísbendingar um samkennd á meðal starfsfólks og nemenda, sem upplifa sig sem samstarfsaðila í námsferlinu.
- Skólinn, og nemendur sem hafa útskrifast þaðan, eru mikils metnir og vel í sveit settir á sínum fagsviðum. Í tengslaneti LHÍ eru bæði innlendar menningar- og menntastofnanir sem hafa skólann í hávegum.
- Starfsandi innan skólans einkennist af þrautseigju og staðfestu hvað snertir að búa nemendum gott námsumhverfi og tryggja að starfsfólk og nemendur njóti margvíslegra tækifæra.
- Metnaðarfull rannsóknaráætlun skólans miðar að því styðja við blómlegt rannsóknastarf og viðhalda góðum fræðilegum starfsháttum. LHÍ hlaut nýlega alþjóðlegan rannsóknarstyrk sem mun styðja við orðstír hans sem rannsóknarháskóla og gera frekari sókn í styrki mögulega, auk þess að leiða til frekari tækifæra til að hafa áhrif utan veggja skólans með rannsóknum sínum.
- Traust hagsmunaaðila á gæðum og starfshæfni útskriftarnema og starfsfólks gefur til kynna að LHÍ sé öflugri en stærð hans segi til um, og þá sérstaklega hvað varðar stöðug samskipti við umtalsverðan hluta íslensks samfélags. Þar má nefna sem dæmi að um 10% íslensku þjóðarinnar sótti útskriftarsýningar.
- Íslenskir nemendur kunna almennt að meta kennslu við skólann og nefna sérstaklega mikilvægi samstarfs kennara og nemanda. Jafnt fastráðnir starfsmenn sem stundakennarar helga sig sérfræðigreinum sínum og búa stúdentum námsumhverfi sem mætir ströngustu kröfum, þrátt fyrir ýmsar og margvíslegar hindranir. Til að halda þessu góða starfi áfram þarf að fylgja eftir þeim tækifærum til umbóta sem getið er hér að neðan.
- Starfsmenn í almennri stjórnslu skólans eru jákvæðir og öflugir, og gátu þeir gert grein fyrir sýn sinni á hvernig bæta megi námsupplifun stúdenta. Starfsfólk vinnur vel saman þvert á deildir, sem tryggir stúdentum skilvirka stoðþjónustu.
- LHÍ getur kallað til og virkjað fólk með ólíkan bakgrunn til að koma að kennslu, þ.m.t. fagfólk og samstarfsaðila frá öðrum menntastofnunum, auk fyrirkæja í hinum skapandi greinum, með það að auginamiði að víkka sjóndeildarhring nemenda.

### 2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- LHÍ þarf að leita leiða til að leysa nánast óviðunandi annmarka á aðstöðu til kennslu í sumum rýmum, sem hafa slæm áhrif á upplifun nemenda (t.d skortur á stólum og skrifborðum), og tryggja skilvirk samskipti við starfsfólk og nemendur um tímalínur og framgang þess verkefnis.
- Skólinn ætti að búa til gagnsæja og skilvirka áætlun um innri samskipti til að ná fram sameiginlegum skilningi á framtíðarsýn skólans og breytingastjórnun, og tryggja t.d. regluleg samskipti á milli yfirstjórnar og nemenda. Þetta mun styðja við framgang nýrra verkefna og styrkja nýja stjórnskipan skólans, auk þess að efla fólk í nýjum stöðum (sérstaklega sviðsforseta), og auka sameiginlegan skilning á vinnuálagi og ábyrgð starfsmanna.
- Tryggja þarf að stjórn LHÍ sé í nánari tengslum við starfsemi skólans og koma mætti á reglulegum fundum hennar með fulltrúum stúdentaráðs, t.d. tvisvar á ári. Jafnframt er stjórn skólans ráðlagt að þróa og hrinda í framkvæmd áætlun um ráðningu arftaka rektors eins fljótt og auðið er.
- Forysta LHÍ ætti að safna á kerfisbundinn hátt gögnum um samfélagsleg áhrif skólans og árangur útskrifaðra nemenda í samstarfi við hagsmunaaðila. Það myndi bera vitni um gæði skólastarfsins og styðja við ákall um bættan aðbúnað.
- Stjórnendur skólans þurfa að koma upp kerfi sem tryggir árlega vöktun námsleiða sem fæli m.a. í sér skoðun á árangursvísum og niðurstöðum kennslukannana. Slíkt myndi einnig styðja við eftirfylgni kennslunefndar með sjálfsmati á faglegum einingum.
- Skólinn þarf að þróa í samstarfi við kennara og stúdenta samræmda áætlun um námsmat og endurgjöf til að ná þeim markmiðum sem voru sett þegar námsmat var einskorðað við tvenns konar einkunnir („staðið“ eða „fall“).
- Miðla þarf umbótum á námsleiðum og sviðum skólans, auk umbóta í stoðþjónustu, til stúdenta til að sýna stúdentum að á þá sé hlustað. Þannig mætti t.d. taka saman á veggspjöldum hvernig bruðgist hafi verið við einstökum athugasemdum.



- LHÍ ætti að leita leiða til að þróa sameiginlega stundaskrá fyrir allan skólann til að auka tækifæri til þverfaglegs náms og til að tryggja að breytingum á námsfyrirkomulagi sé komið tímanlega á framfæri við stúdenta.
- Úttektarhópurinn leggur til að skólinn þróa rannsóknarstefnu sem nær utan um margvíslegar tegundir listrænna rannsókna og fræðastarfs, og ber um leið virðingu fyrir akademísku frelsi starfsmanna. Einnig þarf að skapa umgjörð um stuðning við rannsóknir akademískra starfsmanna (og mögulega doktorsnema þegar fram líða stundir) og við sókn í styrki.
- LHÍ er ráðlagt að endurskoða fyrirkomulag á tímabundnum ráðningarsamningum í samráði við starfsfólk til að styðja við sjálfbæra rannsóknamenningu innan veggja skólans. Einnig er hann hvattur til að leggja mat á áhrif þessa fyrirkomulags á virkni og vellíðan starfsfólks þegar dregur að samningslokum.
- Framgangsferli þurfa að vera gagnsæ og sérfræðikunnátta meðlima í matsnefndum þarf að vera tryggð, auk þess sem matsnefndir þurfa að koma til skila rökstuðningi fyrir niðurstöðum sínum á skýran og uppbyggilegan hátt.
- LHÍ ætti að styðja við störf stundakennara með því að gera einn slíkan starfsmann að fulltrúa stundakennara. Sá fulltrúi gæti hjálpað til að koma skilaboðum á skilvirkan hátt til annarra stundakennara og stuðla að aðlögun þeirra og starfsþróun.
- Listaháskóli Íslands ætti að tryggja eftirfylgni við málstefnu sína svo að samskipti séu í raun tvítyngd og leiði ekki til mismununar í reynd. Þannig er tryggt að væntingar alþjóðlegra stúdenta séu uppfylltar bæði í almennum samskiptum og inni í kennslustofum.
- Listaháskóli Íslands ætti að móta aðgerðaáætlun í jafnréttismálum þar sem gert er grein fyrir fyrirhugaðri nálgun og tímalínum til að koma í veg fyrir staðalmyndir, og hvernig skapa skuli örugg rými fyrir nemendur og starfsfólk þar sem trúnaðar er gætt. Þetta eru nauðsynlegar aðgerðir í kjölfar „MeToo“ byltingarinnar. Einnig þarf aðgerðaáætlunin að taka til stúdenta sem þurfa á auknum stuðningi að halda í námi sínu og tiltaka hvernig tilkynna skuli brot á reglum um hegðun og hvernig þeim sé fylgt eftir.

#### 2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

*Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Listaháskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.*

#### 2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

*Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Listaháskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar.*